



# VIGDÍS

## Vinir gæludýra á Íslandi

### Ársskýrsla 2024

### Stjórn félagsins

Stjórn Vigdísar-Vina gæludýra á Íslandi var þannig skipuð eftir aðalfund sunnudaginn 30. júní 2024:

Ragnheiður Elín Clausen formaður

Ásta María Karlsdóttir gjaldkeri

Sigrún Huld Auðunsdóttir ritari

Brynja Tomer meðstjórnandi

Soffía Fransiska Rafnsdóttir meðstjórnandi

### Fundir

Allir stjórnarfundir fóru fram á TEAMS auk samskipta í stjórnargrúppu á Facebook og í tölvupósti.

Formlegir stjórnarfundir voru árið 2024 samtals 13.

Erfitt var að finna stundir fyrstu mánuði ársins til að funda svo allir gætu mætt, af margvíslegum ástæðum.

**Stjórnarfundir 2024 voru eftirfarandi daga, allir á netinu á TEAMS:**

22. maí

27. maí

25. júní

Eftir aðalfund 30. júní

16. júlí,  
12. ágúst  
19. ágúst  
2. september  
3. október  
4. nóvember  
2. desember

Brynja Tomer meðstjórnandi fundaði frá Kólumbíu gegnum netið, ýmist á Messenger eða TEAMS.

Ákveðið var í byrjun júlí að æskilegt væri að funda fyrsta mánudag í hverjum mánuði á TEAMS.

Milli funda fóru samskipti fram í gegnum tölvupósta, á síðu stjórnar á Facebook auk samskipta á síðunni „Lesið fyrir hund“ samskiptasíðu starfandi lestrarliða auk eldri lestrarliða.

### **Aðalfundur og lagabreytingar**

Boðað var til aðalfundar þann 30. júní og aðalfundur auglýstur þann 8. júní.

Aðalfundur var haldinn í húsnæði Hundaræktarfélags Íslands, Melabraut 17 í Hafnarfirði sunnudaginn 30. júní.

Níu mættu á aðalfundinn og ein fundaði rafrænt, samtals tíu.

Sigríður Bílddal gjaldkeri tilkynnti á stjórnarfundum að hún hyggðist ekki sækjast eftir endurnýjuðu umboði til stjórnarsetu eftir að ljúka tveggja ára setu og myndi láta af gjaldkerastörfum. Sigríður hefur starfað frá upphafi með félaginu, frá 2013, verið gjaldkeri félagsins auk þess að vera matsmaður hunda á námskeiðum.

Guðbjörg Guðmundsdóttir meðstjórnandi tilkynnti að hún hyggðist ekki sækjast að nýju eftir stjórnarsetu sem hún hafði gegnt frá árinu 2017. Guðbjörg hafði lokið stjórnarsetu árinu áður, 2023 en ákvað að gefa kost á sér til eins árs fyrir aðalfundinn 2023 til að fylla skarð Gyðu Guðjónsdóttur sem hafði gengið úr stjórn af persónulegum ástæðum á aðalfundi 2023. Guðbjörg er einnig matsmaður hunda á námskeiðum Vigdísar.

Engin framboð bárust um formennsku.

Tvö framboð bárust á aðalfundi um setu í stjórn.

Ásta María Karlsdóttir var kjörin gjaldkeri með setu til tveggja ára og Soffía Fransiska Rafnsdóttir lestrarliði var kjörin meðstjórnandi með setu til tveggja ára og samþykkti fundurinn með lófataki.

Leiðréttar voru m.a. breytingar á lögum félagsins er samþykktar höfðu verið á aðalfundi árinu áður, 31. maí árið 2023. Breytingar voru auglýstar degi fyrir aðalfund 2023 og því ekki kynntar eða auglýstar með löglegum hætti og að auki var leiðrétt misræmi milli greina og innsláttarvillur.

Tillögur að lagabreytingum fyrir fundinn 30. júní 2024 voru kynntar á Facebooksíðu Vigdísar-Vina

gæludýra á Íslandi og á heimasíðu Vigdísar, sjá færslu og auglýsingu frá 8. júní 2024 og vörðuðu þær breytingar á eftirfarandi greinum:

### 1. grein.

Varðaði að hafa samræmi í að tala um félag hvarvetna í lögnum en ekki ýmist samtök eða félag.

### 2. grein

Varðaði að breyta varnarþingi félagsins yfir í Reykjavík úr Víghólastíg 17, 200 Kópavogi, með vísan t.d. í að varnarþing félagasamtaka á borð við Hundaræktarfélag Íslands sé skráð í Reykjavík en félagið eigi þó eigið húsnæði í Hafnarfirði.

Óhentugt sé að þurfa að breyta varnarþingi í hvert sinn er formannsskipti eigi sér stað en formaður er ábyrgðarmaður félagsins.

Um sumarið, eftir aðalfundinn 2024 kom í ljós að það reyndist erfitt að breyta varnarþingi bæði er varðaði gögn hjá viðskiptabanka félagsins og einnig Skattinum þrátt fyrir að leggja fram þau gögn og pappíra sem kallað er eftir með undirskriftum nýrra meðstjórnenda, formanns og fyrrverandi stjórnarmanna og formanns.

Það hafði verið tilkynnt um breytingar á formennsku og þar með ábyrgðarmanni sumarið áður, árið 2023 til Skattsins en hafði ekki skilað sér.

### 3. grein

Orðalagi breytt, úr samtökum í góðgerðarfélag.

### 4. grein

Orðalagi breytt úr samtökum í félag sbr. samræmi í 1.grein og orðalagi breytt úr framtíð í nútíð. sbr breytingar við 1. grein er varðar samræmi.

### 5. grein

Varðar samræmi sbr. athugasemd við 1. grein, breyting á orðalagi um samtök í félag.

### 7. grein

Breytingar varðandi boðun aðalfundar með sannanlegum hætti, breytt úr þremur vikum í tvær vikur og ákvæði um að halda beri fund fyrir 1. júlí ár hvert haldið.

### Viðbót við 7. gr

Kosning skoðunarmanna verði bætt við dagskrá aðalfundar.

### 8. grein

Varðaði orðalag og samræmi við 1. grein. Boðun aðalfundar, tímarammi fyrir tillögur að lagabreytingum, ársskýrsla aðgengileg félagsmönnum, fundargerð aðalfundar verði aðgengileg félagsmönnum á heimasíðu og/eða samfélagsmiðlum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

Samræmi við athugasemd grein 7.

Stjórn sjái ekki ástæðu til að senda félagsmönnum fundargerð heldur nægjanlegt að birta á vettvangi Vigdísar-Vina gæludýra á Íslandi á netinu.

Fjórða breyting sem gerð var á 8. grein, að setja punkt aftan við „aðalfund“ í síðustu málsgrein.

### 9. grein

Breytingar: að 9. grein skuli felld niður. Greinin varðar félagsgjald og innheimtu og ástæða tvítekning.

Í 5. grein segir að stjórn gerir tillögu að félagsgjaldi og tillagan er afgreidd á aðalfundi. Félagsgjald er innheimt einu sinni á ári.

10. grein verði 9. grein og 11. grein verði 10. grein.

## 10. grein

Reikningsár félagsins er almanaksárið, reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi, yfirfarnir af kjörnum skoðunarmönnum. Skoðunarmenn reikninga skulu kjörnir til eins árs í senn á aðalfundi og hagnaði af rekstri félagsins varið í þágu félagsins.

Inn í lögina vantaði ákvæði um kosningu skoðunarmanna. Athugasemdir og tillaga að breytingu að þessi grein verði 9. grein en fyrri 9. grein felld niður, sú er varðaði félagsgjald og innheimtu.

-----

Á aðalfundi vorur lagabreytingarnar ræddar og eftirfarandi var samþykkt eða synjað:

1. gr. Að orðinu „samtök“ verði breytt í „félag“ – samþykkt, en þó með þeim fyrirvara að það hafi ekki áhrif á skráningu Vigdísar sem góðgerðarfélags eða skráningu Vigdísar hjá Ríkisskattstjóra. Ef svo er, verði hugtakið „samtök“ notað alls staðar í lögum Vigdísar.

2. gr. Breyting að varnarþing sé í Reykjavík - samþykkt

3. gr. Samtök breytt í félag sbr. breytingar í 1. gr. - samþykkt

4. gr. Samtök breytt í félag sbr. 1. gr. – samþykkt.

5. gr. Samtök breytt í félag sbr. 1. gr. – samþykkt

7. gr. Boðun aðalfundar breytt úr 3 vikum í 2 vikur – Rætt er hvort það þurfi að vera 3 vikur vegna athugasemda við lagabreytingar, en sá frestur er 15 dagar. Ákveðið og samþykkt að halda 3 vikna boðun vegna 15 daga fyrirvara með lagabreytingar.

7. gr. Dagskrá aðalfundar: Að 9. lið verði bætt inn í dagskrá aðalfundar: Kosning skoðunarmanna reikninga. – samþykkt

8. gr. Samtök breytt í félag, sbr. 1. gr, 3 vikna fyrirvari á boðun aðalfundar, kosning tveggja skoðunarmanna, fundargerð gerð aðgengileg á heimasíðu eða á samfélagsmiðlum í stað send til félagsmanna – allar breytingar samþykktar.

9. gr. Felld niður vegna tvítekningar – samþykkt

Lagabreytingar samþykktar með lófataki.

Einnig var tekin ákvörðun um félagsgjald og ákveðið að fella niður félagsgjöld til öryrkja og eldri borgara (67 ára). Upphæð félagsgjalda helst óbreytt.

Ragnheiður Elín Clausen formaður Vigdísar bauð sig aftur fram til formennsku, var sjálfkjörin og samþykkti fundur með lófataki.

Gyða Guðjónsdóttir og Margrét Sigurðardóttir buðu sig fram sem skoðunarmenn reikninga áfram og var það samþykkt með lófataki.

## Breytingar á stjórn

Ásta María Karlsdóttir, sem var ný í stjórn og kjörin hafði verið gjaldkeri er Sigríður Bílddal lét af

störfum gjaldkera og lauk stjórnarsetu á aðalfundinum 30. júní, sendi skilaboð til eins meðstjórnanda í stjórn í ágúst og sagði sig úr stjórn vegna anna og annarra skuldbindinga. Ekki hafði tekist að ganga frá gjaldkeramálum frá því á aðalfundi því gleymst hafði að prenta út eyðublað fyrir viðskiptabankann og safna undirskriftum á aðalfundi.

Stjórn afréð að Sigrún Huld Auðunsdóttir tæki við gjaldkerastöðu og að Soffía Fransiska Rafnsdóttir tæki við sem ritari stjórnar.

Formaður, Ragnheiður Elín Clausen, fór samtals sex sinnum í viðskiptabanka félagsins auk þess að fara í Skattinn í Katrínartúni til að tilkynna nýja stjórn, rétta eigendur félags, sitjandi stjórn, útskýra breytingar, tilkynna rétta prókúruhafa félags, framvísa fundargerð aðalfundar og allra gagna er óskað var eftir. Auk þess þurfti að safna undirskriftum hjá þeim er höfðu setið fundinn, skoðunarmanna reikninga eða tveggja votta og fleira og fara með til að uppfylla skilyrði.

Þrátt fyrir þetta kom í ljós að félagið Vigdís- Vinir gæludýra á Íslandi er enn skráð sem eign fyrsta formanns félagsins Margrétar Sigurðardóttur er hafði hætt formennsku á aðalfundi 31. maí árið 2023. Ekki tókst að breyta varnarþingi hjá Skattinum 2023 og 2024.

Var það mat stjórnar að félagið þyrfti að vera á ábyrgð og forræði sitjandi formanns hverju sinni og taldi svo vera þar sem nýkjörinn formaður Ragnheiður Elín Clausen hafði tilkynnt um breytingar til Skattsins sumarið 2023 án athugasemda frá þeim.

Einnig þarf að passa að hafa alla pappíra meðferðis á aðalfundum með undirskriftum allra viðstaddra svo formaður og starfandi stjórn geti tilkynnt um rétt eignarhald á félaginu til yfirvalda og viðskiptabanka.

Leita þurfti til fyrrum gjaldkera Sigríðar Bílddal í júlí og ágúst til að greiða reikninga fyrir tryggingar félagsins og reikning vegna veitinga á aðalfundi þar sem gjaldkeri er kjörinn var á aðalfundi var ekki tekinn til starfa sem gjaldkeri né með prókúru vegna áður nefndra vandræða við að tilkynna nýja stjórnarmenn og gjaldkera til viðskiptabanka félagsins og breyta hjá Skattinum.

Soffía Fransiska Rafnsdóttir tilkynnti formanni í símtali 12. september og í stjórnargrúppu Vigdísar á Facebook að hún segði sig úr stjórn þar með. Fyrir því voru ýmsar ástæður.

Hún lagði áherslu á að hún héldi áfram starfi fyrir félagið bæði sem lestrarliði og umsjónarmaður lestrarstunda enda annt um verkefnið.

Í október tilkynnti hún formanni að hún þyrfti að fara í tímabundið leyfi frá sjálfboðaliðastörfum.

Á stjórnarfundum á TEAMS 3. október tilkynnti Sigrún Huld Auðunsdóttir að Sigríður Bílddal væri tilbúin að koma inn í stjórn og klára starfsárið. Stjórn þáði það.

Formaður og stjórn voru sammála um, eftir að ræða stöðu mála er Ásta María Karlsdóttir hætti í stjórn, að boða ekki til aukaaðalfundar m.a. vegna smæðar félagsins og mikilvægast væri að halda áfram starfinu.

Eins var það sameiginleg ákvörðun stjórnar að setja það ekki inn í upplýsinga- og samskiptagrúppu lestrarliða á Facebook að breytingar hefðu orðið á stjórn.

Breytingartillögur varðandi samsetningu stjórnar yrðu teknar fyrir á næsta löglega boðuðum aðalfundi.

Eðlilegt hefði verið að kalla til varamenn en þar sem þeir höfðu ekki verið kjörnir á aðalfundi og ekkert í lögum félagsins um kjör varamanna, var leitað til tveggja reynslumikilla félagsmanna og þeir beðnir að taka sæti í stjórn. Ekkert í lögum félagsins segir eða gefur til kynna að slíkt sé ólöglegt. Þetta þótti nauðsynleg ráðstöfun og lausn til að mynda starfhæfa stjórn.

Ragnheiður Elín Clausen formaður hafði samband við Ernu Matthíasdóttir lestrarliða og spurði hvort hún gæti hugsað sér að koma inn í stjórn og hjálpa og samþykkti hún að leggja stjórn lið þann 20. ágúst.

Erna hafði fyrir aðalfundinn 30. júní 2024 samþykkt að bjóða fram krafta sína í stjórn en þar sem þegar var búið að hafa samband við Ástu Maríu Karlsdóttur var tekin sú ákvörðun að ekki yrði boðað til kosningaslags innan félags er ekki hefur á að skipa nema nokkra tugi félagsmanna þar sem fáir sækja aðalfundi.

Erna baðst undan að taka við gjaldkerastöðu og því var ákveðið að Sigrún Huld tæki að sér sæti gjaldkera og Soffía Fransiska sæti ritara.

Slík var einnig staðan og sama ákvörðun eftir að Soffía Fransiska sagði sig úr stjórn.

Ákvörðunin var tekin og metin út frá því að Sigríður Bílddal, fyrrum gjaldkeri Vigdísar sem bauð fram krafta sína, hefur setið frá upphafi stofnunar félagsins árið 2013 í stjórn og gjörþekkir því bæði starf félags og stjórnar.

Ákveðið var að hún tæki að sér sæti ritara og var það samþykkt.

Voru því öll sæti skipuð og stjórn því fullskipuð.

Þetta var talið farsælast fyrir félagið enda var þegar fordæmi fyrir slíku.

Ragnheiður Elín Clausen kom inn í stjórn fyrst að beiðni Margrétar Sigurðardóttur og Brynju Tomer árið 2016 en hún hafði verið lestrarliði með hund í skólalestri á Seltjarnarnesi frá hausti 2014.

Á næsta löglega boðuðum aðalfundi var hún kjörin í stjórn.

Laga þarf 8. grein í lögum félagsins á þann veg að stjórn sé heimilt að kalla til liðs við sig aðra en kjörna stjórnarmenn eða varamenn telji hún brýna nauðsyn til og skulu þeir þá sitja í stjórn fram að næsta aðalfundi.

Stjórn telur að betur fari á því að kjósa varamenn og kalla til aðstoðar ef aðalmenn forfallast eða þurfa að hætta stjórnarsetu áður en kjörtímabili lýkur.

## Námskeið

Tvö tveggja daga námskeið voru haldin á haustönn 2024.

Fyrri námskeiðið var haldið í húsakynnum Dýrheima dagana 9. og 10. september og var í umsjá Sigrúnar Huldar Auðunsdóttur, Sigríðar Bílddal, Ragnheiðar Elínar Clausen og Soffíu Fransisku Rafnsdóttur.

Þátttakendur fengu nýja íslenska handbók fyrir lestrarliða á vegum Vigdísar afhenta í upphafi námskeiðs þar sem efni frá READ-samtökunum er komið á framfæri í samræmi við reglur ITA, Intermountain Therapy Animals og aðferðafræðinni sem Vigdís-Vinir gæludýr á Íslandi hafa fylgt og uppfært reglulega.

Brynja Tomer tengiliður félagsins við READ og ITA og meðstjórnandi tók saman handbókina en studdist við myndir og gögn úr starfi félagsins.

Fjórir nýliðar mættu á fyrri námskeiðið með hunda í mat hjá Sigríði Bílddal auk tveggja eldri lestrarliða er voru að láta meta aðra hunda inn í verkefnið seinni daginn, samtals 6 hundar. Einn er sótti námskeiðið stóðst ekki matið.

Tveir nýliðar ásamt lestrarhundum luku þjálfun á söfnum og voru því orðnir gildir lestrarliðar fyrir áramót.

Annað eldra lestrarliðið, lauk þjálfun á safni fyrir áramót og gat yndislestur hafist aftur í Hveragerði að því loknu eftir áramót 2025.

Hitt eldra lestrarliðið er eingöngu í sérverkefnum auk þess sem hundurinn þurfti að fara í aðgerð

skömmu eftir námskeiðið og var undanþeginn því að mæta í stundir á safni vegna skurðsárs.

Einn einstaklingur sem skráður var á fyrra námskeiðið forfallaðist fyrri daginn en mætti seinni daginn með hund í mat og prufulestur með börnum. Viðkomandi fékk seinna sér yfirferð yfir allt námsefnið í tvær og hálf klukkustund fyrir fyrstu æfingastund á bókasafni.

Lestrarliðið var búið að mæta í eina æfingastund á safni á haustönn og hafði ekki lokið þjálfun fyrir árslok 2024.

Seinna námskeiðið í umsjá Sigrúnar Huldar Auðunsdóttur og Sigríðar Bílddal var haldið í Reykjanesbæ laugardaginn 9. nóvember og síðan var keyrt til Reykjavíkur í Dýrheima þar sem mat á hundum fór fram en það annaðist Guðbjörg Guðmundsdóttir.

Tveir nýliðar mættu með þrjú nýja hunda á námskeiðið og í æfingastund með börnum. Einn reyndur lestrarliði mætti með nýjan hund í mat og því voru samtals fjórir hundar metnir hæfir inn í verkefnið.

Í árslok 2024 höfðu nýliðarnir tveir á seinna námskeiðinu ekki lokið þjálfun á söfnum.

Samtals komu því átta hundar, er stóðust mat, ásamt eigendum sínum inn í verkefnið og starf Vigdísar á haustönn 2024.

## Lestur á bókasöfnum og lestrarlið

Lestrarstundir voru reglulega á Bókasafni Garðabæjar, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæjar og á Álftanesi.

Fyrir áramót hafði lestrarhundur í Hveragerði lokið æfingastundum á söfnum og verklega hluta námskeiðsins og því var aftur hægt að byrja með reglulegar lestrarstundir á Bókasafni Hveragerðis eftir áramót 2025.

Alls lásu um 140 börn fyrir hunda árið 2024.

Stundir á bókasöfnum voru alls 27 talsins.  
15 stundir á vorönn og 12 stundir á haustönn.

Einungis ein yndislestrarstund á árinu var nokkuð óvenjuleg.

Tvö börn voru skráð í stund á Bókasafni Garðabæjar þann 9. nóvember.

Einungis eitt lið var á staðnum vegna skráningar í stundina.

Börn sem voru skráð mættu ekki. Eitt boðaði forföll eftir að stund átti að hefjast og hitt barnið mætti ekki í stund.

Fáir sem engir voru á safninu þennan dag í auglýstri stund en eitt barn er kom á safnið fékk að heilsa upp á hundinn.

Engum stundum á bókasöfnum þurfti að aflýsa vegna veðurs árið 2024.

Ragnheiður Elín Clausen sá um skipulagningu á stundum, utanumhald og boðun í lestrarstundir á Facebookgrúppu og í síma bæði á vorönn og haustönn og var jafnframt tengiliður við bókasöfnin.

Minnt var á stundir sem fyrr í Facebook-grúppunni „Lesið fyrir hund“ auk þess sem lestrarliðar voru minntir á stund, degi áður í skilaboðum á Messenger eða skilaboðum í farsíma.

Eftirfarandi lið mættu í lestrarstundir á bókasöfn á árinu 2024:

1. Anna Rán Árnadóttir og Njörður: 4 vor, samtals 4
2. Ásdís Halla Sigríðardóttir og Moli: 1 haust, samtals 1
3. Bryndís Kristjánsdóttir og Indíana: 3 vor, samtals: 3
4. Erna Matthíasdóttir og Freyr: 3 vor, 1 haust, samtals: 4
5. Guðrún Blandon og Bella: 4 vor, 2 haust, samtals 6
6. Kolbrún Irma Hreiðarsdóttir og Hrólfur: 1 haust, samtals 1
7. Ólína Erlendsdóttir og Tinna: 3 vor, 2 haust, samtals 5
8. Ragnheiður Kristjánsdóttir og Snúður: 3 vor, 1 haust, samtals 4
9. Sigríður Bílddal og Aría: 2 vor og 3 haust, samtals 5
10. Sigurlaug Jónsdóttir og Hekla: 2 vor, 2 haust, samtals 4
11. Soffía Fransíska Rafnsdóttir og Fjóla: 3 vor, samtals 3
12. Svava Björk Ásgeirsdóttir og Kilja: 1 vor, 1 haust, samtals 2

Nýliðar og lið í æfingastundum 2024:

13. Elma Cates og Willy: 1 æfingastund haust, samtals 1
14. Emily Lethbridge og Mollý: 2 æfingastundir haust og 1 sem fullgilt lið haust, samtals 3
15. Kristín Ísleifsdóttir lestrarliði og Lóa: 1 æfingastund haust, fullgilt lið haust v/reynslu, samtals 1
16. Sigrún Harpa Magnúsdóttir og Krumma: 2 æfingastundir haust, fullgilt lið, samtals 2
17. Unnar Stefán Sigurðsson og Baltó: 1 æfingastund haust, samtals 1
18. Ásta Björnsdóttir og Dylan: æfingastund á námskeiði.

Virk lestrarlið á vor og haustönn á bókasöfnum ásamt lestrarliðum í þjálfun voru samtals 18.

Skrá yfir stundir og lið eru skráð á lestrarplani fyrir vor og haust eins og ávallt ásamt breytingum, forföllum, varaliðum og öðru er við kemur öllum stundum á bókasöfnum.

Skráð er og skrifað um stundirnar á lokuðu samskiptasíðunni fyrir lestrarliðin á Facebook sem og í stjórnargrúppu eftir því sem þörf er á, uppfært eftir hverja stund og færðar inn breytingar svo til sé skrá yfir allt í lestrarstundum til að hafa yfirsýn.

## Umsjónarmenn

Tveir nýjir umsjónarmenn bættust við í byrjun september.

Erna Matthíasdóttir og Soffía Fransíska Rafnsdóttir, báðar vanir lestrarliðar.

Ragnheiður Elín Clausen tók saman punkta og fór yfir með þeim laugardaginn 7. september.

Fylgst var með lestrarstund á Bókasafni Kópavogs og farið yfir umsjón á fundi í um tvo tíma eftir stund á kaffihúsi Gerðarsafns, Króníkunni.

Seinna um veturinn hafði formaður samband við Guðrúnu Blandon, eftir samráð við stjórn og tók hún vel í að gerast umsjónarmaður en ekki gafst færi á fyrir áramót að setjast niður og fara yfir umsjónarmannastarfið.

Formaður fyrirhugaði að hitta Eddu Hrund umsjónarmann í Hveragerði til að rifja upp og fara yfir umsjón eftir hlé og frestaðist sú yfirferð þar til í janúar 2025.

Skiptust 27 stundir þannig með umsjónarmönnum:

Erna Matthíasdóttir: 1 haust, samtals: 1

Gyða Guðjónsdóttir: 2 að vori, 1 að hausti, samtals: 3

Margrét Sigurðardóttir: 2 að vori, 1 að hausti, samtals: 3

Ólína Erlendsdóttir: 1 að vori vor, 1 að hausti, samtals: 2  
Ragnheiður Elín Clausen: 10 að vori, 5 að hausti, samtals: 15  
Sigrún Huld Auðunsdóttir: 1 að hausti, samtals: 1  
Soffía Fransíska Rafnsdóttir: 2 að hausti, samtals: 2

Samtals eru 7 „kit“ eða pokar (2 x teppi, 8 x púðar og tveir varataumar, einn lítill og einn stór) hjá umsjónarmönnum.

Allir virkir lestrarliðar eru komnir með græna tauma og er lestraliðar ljúka þjálfun fá þeir tauma afhenta til að nota í lestrarstundum.

Klútamál þarf að endurskoða og endurnýja vegna fjölda hunda í verkefninu og mismunandi stærða þeirra.

## **Lestrarhundar sem hættu af heilsufarsástæðum, tímabundið eða kvöddu**

Tilkynnt var í maí að Aría (Golden Retriever) væri hætt í verkefninu af heilsufarsástæðum, a.m.k. tímabundið.

Fjóla (Íslenskur fjárhundur) hætti í verkefninu tímabundið af heilsufarsástæðum um vorið. (Þess má geta er ársskýrsla er lesin upp í maí 2025 að báðar hafa þær Aría og Fjóla verið í lestrarstundum á vorönn 2025).

Spotti (Border Collie) hætti í verkefninu af heilsufarsástæðum í ágúst.

Indíana (Tíbet spaniel) fór úr verkefninu af heilsufarsástæðum og kvaddi sumarið 2024.

Njörður (Chihuahua) kvaddi um haustið.

Stjórn Vigdísar þakkar sínum góðu lestrarhundum og lestrarliðum fyrir samstarfið og samvinnuna og þeirra fórnfúsa sjálfboðaliðastarf.

Er heimasíða félagsins kemst í lag verður hægt að minnast lestrarhunda er hafa kvatt verkefnið og halda minningum á lofti.

## **Styrkir, samstarf og fyrirspurnir**

Félagið sótti ekki um styrki árið 2024.

Tillögu um að skoða að sækja um styrki fyrir félagið var velt upp á stjórnarfundum á vorönn en ekki varð úr framkvæmd.

Samstarf við bókasöfn, skóla og styrkir aflu samtökunum tekna sem og félagsgjöld.

33 félagsmenn greiddu árgjöld árið 2024.

-----

Seinni hluti styrks sem Þróunarsjóður innflytjendamála frá Háskólasetri Vestfjarða og Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu hafði veitt félaginu þann 28. febrúar 2023 var greiddur út 6. nóvember 2024 og nam 236.000 kr.

Skýrslu um framkvæmd sérverkefnisins í tengslum við styrkinn var skilað inn 1. september en veittur hafði verið frestur til að skila inn skýrslu þá.

Verkefnið var klárað 29. nóvember 2023 og snérist um stuðning við lestur barna með annað

móðurmál en íslensku sem dvalið hafa tvö ár eða skemur hér á landi.

Stundirnar voru tólf talsins og fóru fram í Samfélagshúsinu Bólstaðarhlíð 43, í samstarfi við Reykjavíkurborg, „Velkomið í hverfið“ og Háteigsskóla.

Niðurstöður voru unnar úr matsblöðum sem voru uppfærð frá verkefninu þar á undan, Aflagranda haustið 2022 og úr skólalestri á Seltjarnarnesi.

Stuðst var við matsblöð, viðtöl við börnin, mati á framförum eftir hverja stund og umsagnir frá lestrarliðum og samstarfsfólki.

Ragnheiður Elín Clausen sá um framkvæmd verkefnins að ósk stjórnar og hafði umsjón með stundunum auk þess að taka saman og skrifa skýrslu og uppfæra matsblöð samkvæmt markmiði verkefnisins.

Lestrarliðar voru Ásta Björnsdóttir með Korpúlfi og Erna Matthíasdóttir með Frey.

Ragnheiður Elín Clausen var í samskiptum við Sigríði Arndísi Jóhannsdóttur og Kerry Ann McMurdo hjá Reykjavíkurborg.

Mikill áhugi og vilji er að halda áfram stuðningi við heimalestur barna af erlendum uppruna, með annað móðurmál en íslensku, er umsjónarmenn og lestrarliðar á vegum Vigdísar hafa tök á. Stefnt var á að byrja lestur í Samfélagshúsinu Bólstaðarhlíð að nýju.

-----

Formaður hafði samband við forstöðumann safna á Suðurnesjum Margréti I. Ásgeirsdóttur varðandi hvort áhugi væri fyrir því að vera með yndislestur á Bókasafni Suðurnesjabæjar, Suðurnesjabæ í september. Mikill áhugi var að setja yndislestrarstund á dagskrá, sækja um hjá heilbrigðiseftirlitinu og finna hentuga dagsetningu og var það fastmælum bundið.

Einnig hafði Ragnheiður samband við Bókasafn Reykjanesbæjar, Mörtu Öldu Pitak verkefnastjóra en forráðamenn þar höfðu mikinn áhuga á að taka upp yndislestur með hundum aftur. Vegna flutninga safnsins í annað húsnæði yrði að bíða með að festa niður ákvörðun um að hefja yndislestur þar. Yndislestur hafði verið í boði tvo daga í röð á Barnamenningarhátíð í Reykjanesbæ nokkrum árum áður.

-----

Lísa María Kristjánsdóttir deildarstjóri miðstigs Norðlingaskóla hafði samband 11. apríl og vildi kanna hvort grundvöllur væri fyrir að koma í skólann með lestrarhunda í samvinnu við stoðteymi á miðstigi.

Erindinu var svarað.

Forstöðumaður Bókasafnsins í Gerðubergi, Ilmur Dögg Gísladóttir hafði samband 7. febrúar og hafði áhuga á yndislestrarstundum. Ragnheiður hafði samband við hana þá og um haustið.

Áhugi er á að koma á stundum hjá báðum aðilum ef hægt verður að bæta við.

Ragnheiður og Erna ætluðu að athuga og skoða aðstæður á safninu við tækifæri en ekki gafst stund til þess fyrir áramót auk þess sem forföll hjá lestrarliðum, lestrarhundum og umsjónarmönnum gáfu ekki svigrúm til þess að hefja samstarf við Bókasafnið Gerðubergi á þeim tíma.

Fyrirspurn barst frá foreldri í sjálfbóðaliðastarfi foreldrafélags barna er æfa íþróttir í Valsheimilinu 31. maí þess efnis hvort hægt væri að koma á stundum milli æfinga hjá börnum til að hvetja þau til lesturs. Hugmyndin var að börnin myndu skrá sig í yndislestur líkt á bókasöfnunum og um nokkurs konar heimanámsstofu yrði að ræða. Börnin þurfa oft að bíða milli æfinga og mæta sum hver snemma með rútu og því væri það góð hugmynd að virkja börnin í að lesa meira og eiga notalega

stund með hundi. Eins væri hægt að auglýsa og sjá um skráningu gegnum skrifstofu Valsheimilisins.  
Erindinu var svarað.

Háskólinn í Reykjavík grennslaðist fyrir hvort hægt væri að endurtaka hundastundir með nemendum en lestrarliðar höfðu ekki tök á því, hvorki á vorönn eða haustönn 2024.  
Erindi var svarað.

Holtaskóli hafði samband í apríl og sýndi áhuga á samstarfi við Vigdís.  
Erindinu var svarað.

## **Fræðslufundir og kynningar**

Þrír í stjórn Vigdísar sóttu námskeið í Reykjadal á vegum Æfingastöðvarinnar 14. september í Reykjadal í Mosfellsdal og var yfirskriftin „Dýr í starfi með fólki.“

Fyrirhugað var að halda fræðslufund fyrir starfandi lestrarlið í október eða nóvember um merkjamál hunda og fleira er gagnast gæti lestrarliðum, eiganda og hundi í lestrarstundum en fræðslu var frestað um nokkra mánuði að beiðni fyrirlesara.

Engar formlegar kynningar voru á vegum Vigdísar aðrar en að setja inn færslur á aðalsíðu Vigdísar á Facebook og svo eru lestrarliðar og umsjónarmenn kynningarfulltrúar ásamt stjórnarmönnum og formanni.

## **READ og ITA (Intermountain Therapy Animals) og handbók**

Brynja Tomer tengiliður Vigdísar við READ og ITA var í samskiptum við móðurfélagið í Bandaríkjunum bæði í tengslum við móttöku nýrrar handbókar og sendi upplýsingar og yfirlit úr ársskýrslu Vigdísar 2023 til tengiliðs í nóvember 2024.

Brynja þýddi og staðfærði handbók fyrir lestrarliða á námskeiðum yfir á íslensku og studdist við gögn og myndir úr starfi félagsins.

Handbókin var tilbúin á íslensku 19. júlí 2024 og komin í tvær útgáfur 18. september, handbók til útprintunar aðgengileg stjórn og aðra læsta sem er aðgengileg starfandi lestrarliðum í samskiptagrúppunni á Facebook.

Stjórn ákvað að nauðsynlegt væri að geta nálgast handbók á læstu svæði á heimasíðu. Vigdís á höfundarrétt á handbók en nauðsynlegt er að geta uppruna og eigenda ljósmynda til að mynda. Til að læsa síðunni keypti Vigdís árs áskrift að Adobe Pro sem Brynja Tomer sér um.

## **Fjölmiðlar, auglýsingar, vef- og samfélagsmiðlar**

Heimasíða Vigdísar og Facebook-síða Vigdísar eru opinberar síður er veita upplýsingar um sjálfbóðaliðastarf Vigdísar.

Bókasöfnin sem eru í samstarfi við Vigdís auglýsa viðburði, lestrarstundir á söfnunum hjá sér og á samfélagsmiðlum.

Veggspjöld eru hengd upp á bókasöfnum og skráning fer fram gegnum söfnin.

Stjórnarmenn Vigdísar minna á viðburði á Facebook-síðu félagsins stöku sinnum þegar þarf, einkum ef ekki er full skráning í stundir og setja inn tilkynningar og kveðjur er við á. Síða sem tengd er við Instagram hefur ekki verið notuð markvisst í nokkur ár og þarf að endurskoða aðgang að henni og skoða hver hefur tök innan stjórnar að sinna vefmiðlum markvisst og reglubundið. Einnig hefur verið rætt að fá utanaðkomandi aðila er þekkir vel inn á slíka miðla til að vera innan handar við að auglýsa starfið. Rætt var á fundi 16. júlí að virkja þyrfti Instragram-síðu tengda Facebook að nýju og leita fleiri leiða til að kynna starf félagsins.

Samskipti milli lestrarliða, boðun í stundir ásamt lestrarplani með dagsetningum og liðum er mæta á bókasöfnin, fara fram á lokaðri síðu á Facebook sem eingöngu er ætluð starfandi stjórn, lestrarliðum og umsjónarmönnum ásamt eldri lestrarliðum. Til umræðu hefur komið nokkrum sinnum að takmarka síðuna við þá sem eru starfandi hverju sinni í félaginu og virkir en ekki komið til framkvæmda að breyta.

Blaðamaður á vegum Heimildarinnar hafði boðað sig í stund á Bókasafni Kópavogs á vorönn. Safnið hafði auglýst viðburð á Facebook klukkan 9:00 en ekki klukkan 11:30 eins og stundir eru vanalega og því var blaðamaður upptekin og komst ekki á þeim tíma er stundin var og ekkert varð af umfjöllun.

## Heimasíða Vigdísar

Heimasíða Vigdísar hefur verið í lamasessi meira og minna í tvö ár frá vori 2023. Síðasta ár 2024 hafa verið fleiri tilkynningar um vírusa og alls kyns netóáran og að síða sé ótrygg en ekki hefur verið tóm eða svigrúm hjá stjórnarmönnum að ganga í að laga. Rætt hefur verið um að skipta út síðu og búa til nýja heimasíðu en það verður verkefni nýrrar stjórnar að skoða og meta hvort búa eigi til að nýja síðu frá grunni eða hvernig best sé að kynna félagið á stafrænu formi svo aðgengilegt sé sem flestum er hafa áhuga á starfinu og verkefnum á vegum þess.

Fyrirspurnum og beiðnum um nafnbreytingu hjá 1984 sem hýsir síðuna, varðandi skráðan eiganda vefsvæðis [hundalestur.is](http://hundalestur.is) hefur engan árangur borið á árinu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Vefsvæði (heimasíða) Vigdísar var enn skráð á einstakling sem er ótengdur félaginu 29. febrúar 2024 og er réttthafi.

Viðkomandi tók að sér að gera heimasíðu Vigdísar-Vina gæludýra á Íslandi að beiðni þáverandi formanns Margrétar Sigurðardóttur árið 2019 en síðan var stofnuð þann 18. febrúar 2019.

Einstaklingurinn fékk tilkynningu um endurnýjun á hýsingu og léni sem hann áframsendi á fyrrverandi formann, Margrétu, er látið hafði af störfum árinu áður. Margrét áframsendi á gjaldkera og formann félagsins.

Frá upphafi hefur fyrirtækið 1984 verið með vefhýsingu heimasíðu félagsins. Formaður leitaði til stofnanda heimasíðunnar, skráðan eiganda, réttthafa heimasíðunnar í apríl og brást hann vel við að [hundalestur.is](http://hundalestur.is) sé fært yfir á nafn Vigdísar-Vina gæludýra á Íslandi, með sitjandi formann hverju sinni sem tengilið og sendi hann fyrirtækinu 1984 tölvupóst þess efnis.

Í tölvupóstinum óskaði hann eftir að færa allt efni og síðuna sjálfa og rétt sinn yfir henni til Vigdísar enda félagið Vigdís-Vinir gæludýra á Íslandi ávallt greitt fyrir lén og hýsingu [hundalestur.is](http://hundalestur.is). frá upphafi.

Það verður hlutverk nýrrar stjórnar að sjá til þess að ganga á eftir því að félagið verði formlega skráð sem tengiliður, kontakt, réttthafi, greiðandi, eftir því sem við á, sjá síðu ISNIC lénaskrá (sjá [isnic.is](http://isnic.is)), Internet á Íslandi hf. sem heldur utan um rekstur íslenska internetsins (allt sem endar

á .is).

Stjórn varð ásátt um að skoða þyrfti heimasíðumál frá grunni og það verkefni bíður nýrrar stjórnar.

Rætt var á stjórnarfundum 16. júlí að útbúa þyrfti aðgang að gagnaskýi og notast yrði við til að safna gögnum félagsins og geyma betur rafrænt á sama stað.

Einnig var þá samþykkt að breyta lykilorði efir hvern aðalfund og ber formaður ábyrgð á því.

### **Ný viðbót í poka umsjónarmanna**

Gamalli hugmynd var hrundið í framkvæmd er loppustimplar, loppufar í mörgum litum voru keyptir til að hafa í poka umsjónarmanna í nóvember. Mörg börn er sækja lestrarstundirnar þiggja stimpil á handarbak í lok lesturs og fá að velja sér lit og sum vilja auðvitað fá nokkra liti og stimpla. Sigrún Huld Auðunsdóttir sá um að panta stimplana að utan.